Sterkustu menn Íslands:

Stórslagur við Skota um helgina



Frá einum af Hálandaleikum sem háðir hafa verið í sumar.

Sterkustu menn Íslands munu um helgina etja kappi við kraftalandslið Skota á Hálandaleikum í Mosfellsbæ. „Þetta er í fyrsta skipti sem keppt er milli landa á Hálandaleikum, að því er ég best veit. Hún skipar því óneitanlega nokkuð sérstakan sess," segir Andrés Guðmundsson, kraftajötunn og einn skipuleggjenda leikanna.

Löng og sterk hefð er fyrir Hálandaleikum í Skotlandi og vaknar því sú spurning hvort okkar menn standi ekki höllum fæti gagnvart Skotunum hvað reynslu varðar. „Skotarnir hafa vitaskuld hefðina á sínu bandi. Þarlendis keppa menn á Hálandaleikum 4–6 sinnum í viku og því talsvert oftar en við – enn sem komið er," segir Andrés. „Þess utan eru þeir með firnasterka menn innanborðs, þar á meðal heimsmeistarann í Hálandagreinum," segir Andrés.

Keppt verður í 6 hefðbundnum Skotagreinum á Hálandaleikunum, þar á meðal í kasti lóða, sleggju og kringlu, að ógleymdu staurakastinu sem jafnan er hápunktur slíkra leika. Keppendur á leikunum eru sex talsins og er stigagjöf þannig háttað að sigurvegarinn í hverri grein hlýtur 6 stig en síðan koll af kolli. Loks gilda sérstakar reglur um klæðaburð á Hálandaleikum en öllum keppendum er skylt að klæðast Skotapilsum.


Þess má geta að nokkur meiðsl hafa hrjáð íslenska liðið að undanförnu og er fyrirséð að þeir Andrés og félagi hans, Hjalti „Úrsus" Árnason, verða fjarri góðu gamni á laugardaginn. góða. Lið Íslands verður því væntanlega skipað þeim Auðuni Jónssyni, Sæmundur Sæmundssyni og Pétri Guðmundssyni kúluvarpara eða Unnari Garðarssyni. Þrátt fyrir forföll telur Andrés möguleika íslenska liðsins í keppninni nokkuð góða: „Strákarnir eru býsna góðir og geta fullkomlega staðið Skotunum á sporði. Um sigurlíkur þori ég ekki að spá en ég get lofað mönnum hörkukeppni."

Keppnin við Skotana hefst klukkan 15 á morgun við íþróttavöllinn í Mosfellsbæ.

-kbb



Keppt verður í 6 hefðbundnum Skotagreinum á Hálandaleikunum, þar á meðal í kasti lóða, sleggju og kringlu, að ógleymdu staurakastinu .



ON Iceland 1997:

Villt list í Reykjavík

Alþjóðlega gerninga- og myndbandahátíðin „ON Iceland 1997" heldur áfram göngu sinni um helgina. Hátíðin snýst í grófum dráttum um svokallaða tímatengda myndlist, þ.e. myndlist þar sem tímamiðlar eins og video, ljósmyndir og gjörningar koma sérstaklega við sögu. Ýmsar uppákomur tengdar hátíðinni verða um helgina og klukkan 14 á laugardag hefst fjölbreytt dagskrá í Nýlistasafninu þar sem hinir og þessir listamenn munu sviðsetja verk sín. Meðal þeirra sem koma fram eru Árni Ingólfsson, Hannes Lárusson, The Icelandic Love Corporation og Inferno 5. Hátíðin er liður í samnorrænu verkefni og viðamesta uppákoma sinnar tegundar sem haldin hefur verið hér á landi. Henni lýkur 28. september en þangað til verður ýmislegt á seyði í listasöfnum borgarinnar, m.a. á Kjarvalsstöðum, í Listasafni Íslands, Nýlistasafninu og Norræna húsinu. @mynd:Margt skrýtið ber fyrir augu gesta alþjóðlegu gerningahátíðarinnar ON Iceland sem fram fer í Reykjavík þessa dagana. Hér má sjá einn listamannanna sviðsetja gerning í Nýlistasafninu.

